

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1990

5. mars 1990

237

Nr. 114

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum um páskahelgi 1990.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00 10. apríl 1990 til kl. 10:00 árdegis 17. apríl 1990 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

5. mars 1990

Nr. 115

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta 1990.

1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990:

1. Frá og með 7. apríl til og með 16. apríl 1990.
2. Frá og með 4. júní til og með 10. júní 1990.
3. Frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1990.
4. Frá og með 3. október til og með 9. október 1990.
5. Frá og með 10. desember til og með 31. desember 1990.

Veiðibönn þessi taka ekki til báta minni en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971,
sbr. breytingu nr. 185/1984.**

Grein 1.6 hljóði svo:

1.6 Eftirlitsgjöld:

1.6.1 Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu greiða Rafmagnseftirliti ríkisins rafveitueftirlitsgjald, allt að 1,2% af heildarandvirði raforkusölu þeirra og heildarendurgjaldi fyrir leigu mælitækja að frádragnu andvirði aðkeyptrar raforku, virðisaukaskatti og öðrum sambærilegum gjöldum sem á kynnu að verða lögð.

Sérhver gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur skila skýrslu til Rafmagnseftirlits ríkisins mánaðarlega ásamt greiðslu. Í skýrslunni komi fram fjárhæð raforkusölu til kaupenda í síðasta almanaksmánuði, mælaleiga, aðkeypt raforka, virðisaukaskattur, endurgreiðsla fyrir ofgreidda raforku eftir atvikum, önnur gjöld skv. ofansögðu, svo og rafveitueftirlitsgjald það sem inna ber af hendi. Skýrslan skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum, sem heimild hafa til að skuldbinda gjaldskylda aðila, eða öðrum þeim sem til þess hafa sérstakt umboð samkvæmt stöðu sinni. Skýrslunni skal skilað í þrítíu og ártíu Rafmagnseftirlitið eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku. Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Rafmagnseftirlitið áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða og annarra atriða er máli skipta.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu og má þá miða gjaldið við áætlaða orkunotkun, málafl rafala í raforkuveri eða við kostnað af eftirlitinu og greiðist Rafmagnseftirliti ríkisins samkvæmt reikningi þess.

1.6.2 Greiða skal Rafmagnseftirliti ríkisins gjald fyrir eftirlit þess með uppsetningu nýrra raforkuvirkja og raforkuvirkja á byggingarsvæðum. Skal miða gjaldið við kostnað af eftirlitinu og greiðast Rafmagnseftirlitinu samkvæmt reikningi þess.

1.6.3 Þeir sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til Rafmagnseftirlitsins gjald sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi raffangs, en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði raffangsins. Má gjald þetta nema allt að ¼% af viðkomandi verði.

1.6.4 Þeir sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til Rafmagnseftirlitsins gjöld fyrir prófun, viðurkenningu og skrásetningu viðkomandi raffanga samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem Rafmagnseftirlitið gefur út hér að lútandi.